

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. janúar 2015

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. – 402. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 5. desember 2014 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun greiði mánaðarlegan lífeyri þegar slysaörorka er metin meiri en 50% þrátt fyrir að Sjúkratryggingum sé falin meðferð slysatrygginga. Við uppskiptingu stofnunarinnar árið 2008 í Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun var greiðsla slysaörorku eitt af þeim atriðum sem skaraðist á milli stofnananna og ekki er enn frágengið. Eðlilegast væri að taka skrefið til fulls að fela þeim sem sér um slysatryggingar að sjá um slysatryggingarnar að öllu leyti.

Rétt er að benda á að slysatryggingar eiga mikla samleið með lífeyristryggingum sem Tryggingastofnun fer með og þau sem eiga rétt til slysatrygginga eiga oft rétt til margvíslegra greiðslna úr lífeyristryggingakerfinu sem Tryggingastofnunar hefur umsjón með. Slysatryggingar eiga það líka sameiginlegt með lífeyristryggingum að það felur í sér beina þjónustu við einstaklinginn á meðan þjónusta Sjúkratrygginga beinist fremur að fagaðilum. Markmiði stjórnvalda að einfalda alla aðkomu viðskiptavinarins að opinberri þjónustu með svokallaðri „one shop stop“ yrði þannig frekar náð ef Tryggingastofnun væri falin öll umsjón slysatrygginga.

Að lokum vill Tryggingastofnun vekja athygli á að líklegt sé að mistök hafi verið gerð í 3. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu sem fjallar um framkvæmd slysatrygginga er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun annist greiðslur mánaðarlegra bóta slysatrygginga skv. 11. og 12. gr. laganna. Í 11. gr. laganna er fjallað um slysadagpeninga og í þeirri 12. örorkubætur. Í dag sér Tryggingastofnun um greiðslur örorkubóta og dánarbóta vegna slysatrygginga, en um dánarbætur er fjallað í 13. gr. frumvarpsins. Líklegt er því að hér hafi átt að vísa til 12. og 13. gr. en ekki 11. og 12. gr. Er þannig ályktað m.a. vegna þess að í sambærilegum frumvörpum að lögum um slysatryggingar almannatrygginga sem lögð hafa verði fram á síðustu misserum, þ.e. 6. máli 2013 og 635. máli 2012 – 2013, hefur í ákvæðinu um framkvæmd slysatrygginga verið gert ráð fyrir að Tryggingastofnun muni áfram annast greiðslu á örorkubótum og dánarbótum. Sé hér um mistök að ræða er mikilvægt er að þau verði leiðrétt.

Virðingarfyllt



Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri